

## Dagný Hauksdóttir

---

**Frá:** Dagný Hauksdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 27. maí 2026 11:04  
**Til:** 'Ingólfur Jóhannesson'; Fjóla Margrét Róbertsdóttir; Rannveig Ísfjörð  
**Efni:** RE: Goðahraun 3

Sæll Ingólfur,

Já það er mögulega eitthvað sem við megum læra af. Það voru gefin út mæliblöð með skilmálum sem þóttu skapa ramma um byggingarheimildirnar og eru í raun ítarlegri en deiliskipulagið, en það hefur ekki sama vægi og fyrirsjáanleika og deiliskipulag.

Það er töf á fundarstörfum US-ráðs vegna kosninganna. Fyrsti fundur bæjarstjórnar er 3. júní og fundur US-ráðs eftir það. Athugasemdir sem berast eru lagðar fyrir fundinn og gert grein fyrir viðbrögðum við þeim.

Kær kveðja, Dagný

---

**Frá:** Ingólfur Jóhannesson <ingolfurj@hotmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 26. maí 2026 15:52  
**Til:** Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>; Fjóla Margrét Róbertsdóttir <fjola@vestmannaeyjar.is>; Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>  
**Efni:** RE: Goðahraun 3

Sæl Dagný og takk fyrir greinargóða yfirferð.

Mér finnst þetta einmitt vera kjarninn í vandanum.

Svæðið hefur verið tekið fyrir í hverju einstaka framkvæmdarmáli og niðurstaðan ber þess merki.

Götumyndin sem áður var til staðar hefur smám saman horfið og ný hús virðast fyrst og fremst taka mið af því sem síðast var byggt, fremur en heildarsýn eða upprunalegum karakter svæðisins.

Að mínu mati hefðu bæjaryfirvöld átt að setja skýra stefnu með deiliskipulagi og bregðast strax við þegar umsóknin vegna Goðahrauns 13 kom fram, með því að stöðva frekari afgreiðslu einstakra mála þar til heildstætt deiliskipulag fyrir svæðið lægi fyrir. Þess í stað hefur ábyrgðin á að standa vörð um umhverfið og heildarmynd hverfisins ítrekað lent á íbúum í hverju máli fyrir sig.

Bæjaryfirvöld hefðu átt að móta skýra sýn á hvernig uppbygging á svæðinu ætti að þróast. Svæðið hafði alla burði til að verða vel skipulagt hverfi með sterka og fallega götumynd.

Í stað þess hefur uppbyggingin orðið sundurlaus og heildarmyndin veikst, þannig að svæðið minnir nú frekar á illa samsetta kubbaborg en samræmt hverfi.

Ég hef heldur ekki fengið nein viðbrögð frá Umhverfis- og skipulagsráði. Hefur ráðið ekki fundað síðan athugasemdirnar voru lagðar fram?

Kær kveðja  
Ingólfur.

---

**From:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>  
**Sent:** laugardagur, 23. maí 2026 16:53  
**To:** Ingólfur Jóhannesson <[ingolfurj@hotmail.com](mailto:ingolfurj@hotmail.com)>; Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>;

Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>

**Subject:** RE: Goðahraun 3

Sæll Ingólfur,

Ég gerði smá yfirlit yfir breytingar á deiliskipulagi og þróun byggingarreita í Goðahrauni. Fjalla ekki um öll hús en fer aðeins yfir hvernig hlutirnir hafa þróast.

Frestur til athugasemda var framlengdur til 25. maí, en þið getið auðvitað komið ábendingum á framfæri þó að athugasemdarfresturinn sé liðinn. Vona að þetta varpi einhverju ljósi á málið.

Kær kveðja, Dagný

---

**Frá:** Ingólfur Jóhannesson <[ingolfurj@hotmail.com](mailto:ingolfurj@hotmail.com)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 17:05

**Til:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>; Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>;

Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>

**Efni:** RE: Goðahraun 3

Sæl Dagný og takk aftur fyrir skýr og góð svör.

Ég er sammála þér að það hafa ekki borist mótmæli við þeim byggingum sem hafa komið upp áður. Að mínu mati hefur hluti vandans þó verið sá sem ég benti á áður, að fyrir venjulegan leikmann er ekki auðvelt að lesa út úr þessum teikningum og átta sig á raunverulegu umfangi bygginga.

Sem dæmi um það þá var húsið sem byggt var við hliðina á okkar eign staðsett í lóðarmörkum okkar, en ég hafði lesið teikningarnar þannig að húsið yrði staðsett á hinum enda lóðarinnar. Það sýnir að gögnin eru ekki alltaf auðlesin fyrir fólk sem hefur ekki þekkingu eða reynslu af slíkum uppdráttum.

Ég set þá fyrri athugasemdina mína inn.

Virðingarfyllst,  
Ingólfur Jóhannesson.

---

**From:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 16:26

**To:** Ingólfur Jóhannesson <[ingolfurj@hotmail.com](mailto:ingolfurj@hotmail.com)>; Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>;

Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>

**Subject:** RE: Goðahraun 3

Sæll Ingólfur,

Afsakið, ég varð aðeins stressuð af því ég var að svara seint. Grenndarkynningarfresturinn er ekki runnin út, hann er til 19. maí en ég get gefið ykkur lengri frest út af þessari töf á svörum.

Þú setur umsögnina inn hér.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2026/473>

Ég þarf aðeins smá tíma til að svara spurningunum sem þú leggur fram.

Frá því opnað hefur verið á stærri byggingarreiti á svæðinu hefur ferlið verið þannig. Byggingarfulltrúi gerir lóðarblað sem tilgreinir byggingarheimildir á lóðunum. Þegar teikningar berast er þeim vísað til í umhverfis- og skipulagsráðs sem tekur þær til skoðunar og ákveður hvort það eigi að senda þær í

grenndarkynningu. Það er bara gert ef að US-ráð er sátt við byggingaráformin (þ.e. það er ekki sett á nágranna að hafna slæmum hugmyndum). Ekki hafa borist athugasemdir vegna þeirra byggingaráforma sem hafa komið hingað til og því hafa byggingaráform hlotið brautargengi.

Þessar ábendingar um betri gögn eiga fullan rétt á sér og eitthvað sem mætti gjarnan taka til umræðu og skoðunar.

Kær kveðja, Dagný

---

**Frá:** Ingólfur Jóhannesson <[ingolfurj@hotmail.com](mailto:ingolfurj@hotmail.com)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 15:56

**Til:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>; Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>;

Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>

**Efni:** RE: Goðahraun 3

Sæl Dagný og takk fyrir svarið

Mig langar að fá staðfest hvort umsagnarfresturinn hafi þá þegar runnið út eða hvort hann hafi verið formlega framlengdur til 19. maí í skipulagsgáttinni.

Ef ekki, þá óska ég eftir því að fresturinn verði formlega framlengdur þar svo hægt sé að skila inn athugasemdum með eðlilegum hætti.

Einnig tel ég það ámælisvert ef umsagnarfresturinn er liðinn á sama tíma og við erum fyrst núna að fá svör við þeim fyrirspurnum sem sendar voru inn fljótlega eftir að grenndarkynningin var birt.

Það takmarkar verulega möguleika íbúa til að kynna sér málið með fullnægjandi hætti áður en frestur rennur út.

Mig langar einnig að óska eftir nánari upplýsingum varðandi þær breytingar sem þú vísar til í tölvupóstinum.

- Hvenær voru þessar breytingar á skipulagi eða byggingarreitum samþykktar?
- Hvenær voru umrædd lóðarblöð gefin út?
- Fóru þær breytingar í formlegt kynningar- og athugasemdaferli gagnvart íbúum svæðisins?
- Er hægt að fá fundargerðir eða gögn sem sýna hvernig þær breytingar voru afgreiddar?

Einnig vil ég nefna að þó vísað sé til annarra stærri húsa á svæðinu, þá tel ég mikilvægt að áhrif hversar framkvæmdar séu metin sérstaklega með tilliti til götumyndar, nálægðar við önnur hús og sjónrænna áhrifa.

Ég óska þess að þessi atriði verða einnig tekinn inn á fund Umhverfis- og skipulagsráðs með minnisblaðinu mínu, þar sem ég er að fá upplýsingar í dag, sem hefðu átt að liggja fyrir, fyrir löngu.

Að lokum vil ég ítreka að gögn grenndarkynningarinnar voru að mínu mati ekki sérstaklega auðlesin fyrir almenna íbúa og erfitt að átta sig á raunverulegu umfangi byggingarinnar út frá þeim einum saman. Mér finnst það vera eitthvað sem mætti bæta í framtíðinni.

Virðingarfyllt,  
Ingólfur Jóhannesson

---

**From:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 15:41

**To:** Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>; Ingólfur Jóhannesson <[ingolfurj@hotmail.com](mailto:ingolfurj@hotmail.com)>;

Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>

**Subject:** RE: Goðahraun 3

Sæl Fjóla og Ingólfur,

Ég staðfesti móttöku á athugasemdum. Ætlunin var að veita ykkur framlengdan frest til 19. maí. Innan grenndarkynningar tíma þá á að skila þeim í skipulagsgátt en ef að umsagnarfrestur er útrunninn þá lokast fyrir það. Ég get sett athugasemdirnar í skipulagsgátt fyrir ykkur eða framlengt umsagnartímann þar og þá getið þið sett þær þar inn sjálf.

Varðandi spurningarnar að neðan.

Deiliskipulag á svæðinu er frá 1982 og gerir ráð fyrir húsum í svipuðu formi og því sem þið eigið. <https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=02634425820828387500>

Miklar breytingar hafa verið gerðar á svæðinu frá því deiliskipulagið tók gildi. Fyrstu breytingar á skipulagi voru þegar breytingar á bílskúrum voru leyfðar. Seinna hafa lóðir verið sameinaðar og stækkaðar, t.d. voru upphafleg 4 lóðir í norður hluta botnlanga sem er vestan við ykkar, en eru nú tvær.

Svo varð sú breyting á, að það voru gefin út lóðarblöð með rýmri byggingarreit fyrir byggingar sem gátu verið ein hæð. Goðahraun 13 var fyrst og svo nr. 34. Þessi hús eru á einni hæð en hafa hátt ris sem er ekki nýtt. Þar sem grunnflötur húsanna er rúmur og þakið hátt þá er rúmmál húsanna, þ.e. umfang nokkuð mikið.

Við Goðahraun 3 var gefið út lóðarblað með byggingarreit og teikningar af byggingunni eru innan þess byggingarreits. Ólíkt húsum við t.d. Goðahraun 13 og 34 þá velur lóðarhafi að nýta plássið undir súðinni og því eykst flatarmál. Vissulega er þó grunnflötur fyrirhugaðrar byggingar við Goðahraun 3 stærri. Hús handan götunnar við Goðahraun 22 er þó með aðeins meira flatarmál og hærra.

Varðandi gögn þá er hægt að óska eftir skuggavarpri á meðan grenndarkynningu stendur og þá eru þau gögn útveguð. Það hefur ekki tíðkast fyrir einstaka hús að fara fram á privíðar ásýndarmyndir en það mætti skoða það enda verður sífellt auðveldara að útbúa slík gögn.

Ég afsaka sein svör við upphaflegum póst. Það voru töluverðar annir fyrir síðasta fund US-ráðs fyrir þásu á fundarstörfum yfir kosningar og ég vildi gefa mér tíma til að skoða þetta. Núna þegar athugasemdir liggja fyrir þá mun málið fara fyrir næsta fund US-ráðs.

Kær kveðja, Dagný Hauksdóttir

---

**Frá:** Fjola Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>

**Sent:** miðvikudagur, 13. maí 2026 08:59

**Til:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>

**Efni:** RE: Goðahraun 3

Sæl

Hver er fresturinn fyrir okkur að mótmæla?

Hvers vegna er byggingarreitur og flatarmál langstærst á þessari lóð en öðrum?  
Er byggingin að fylla upp í þennan byggingarreit

Eru þessar upplýsingar samkvæmt skipulagi eða er verið að leyfa þessum byggingaraðila byggja stærra hús í hverfinu.

Varðandi samanburð við hús númer 12, 14 og 16 eru þau ekki ómarktæk þó þau séu við sömu götu?

Kv  
Fjóla og Ingó

---

**From:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>  
**Sent:** mánudagur, 11. maí 2026 09:09  
**To:** Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>  
**Cc:** Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>  
**Subject:** RE: Goðahraun 3

Sæl Fjóla,

Hér að neðan er yfirlit yfir húsin í götunni. Mörg af nýju húsunum eru á einni hæð með hátt þak. Þau hafa því hærri grunnflöt, en kannski ekki sérlega mikið flatarmál. Í þeim tilfellum væri besti samanburðurinn líklega í rúmmáli.

### **Goðahraun 3**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 207,4 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 262,9 m<sup>2</sup>  
Hæð = 6,7 m

### **Goðahraun 7 (svipaðar stærðir við Gh 9, 11, 24 og 28)**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 104,92 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 85,1 + 61,9 + 29 = 176  
Hæð = 6,87 m

### **Goðahraun 13**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 178,4 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 178,4 m<sup>2</sup>  
Hæð = 5,965 m

### **Goðahraun 32**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 191,3 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 191,3  
Hæð = 5,95 m

### **Goðahraun 34**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 192 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 192 m<sup>2</sup> (birt flatarmál 202,1 en svo er þakrymi undir súðinni sem er ekki nýtt sérstaklega)  
Hæð = 59,76 m

### **Goðahraun 22**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 159,8 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 262,5 m<sup>2</sup>  
Hæð = 7,4 m

### **Goðahraun 14 (sama stærð við Gh 16)**

Byggingarreitur (grunnflötur) = 195,2 m<sup>2</sup>  
Flatarmál = 390 m<sup>2</sup>  
Hæð = 7,78 m

Kær kveðja, Dagný

---

**Frá:** Fjóla Margrét Róbertsdóttir <[fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)>  
**Sent:** föstudagur, 8. maí 2026 09:31  
**Til:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>  
**Afrit:** Rannveig Ísfjörð <[rannveig@vestmannaeyjar.is](mailto:rannveig@vestmannaeyjar.is)>  
**Efni:** FW: Goðahraun 3

Sælar

Átti ennþá eftir að fá svar við þessum spurningum

---

**From:** Fjóla Margrét Róbertsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 22. apríl 2026 13:53  
**To:** Dagný Hauksdóttir <[dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is)>  
**Subject:** Goðahraun 3

Sæl

Við erum með nokkrar spurningar

Hver er byggingarreitur miðað við önnur hús í hverfinu

Hver er byggingahæð miðað við önnur hús í hverfinu

Hvert er byggingamagn miðað við önnur hús í hverfinu

[Skipulagsgáttin](#)



VESTMANNAEYJABÆR

Bestu kveðjur,

**Fjóla Margrét Róbertsdóttir**  
*Fulltrúi í fjármálateymi - bókarí*  
*Stjórnsýslu- og fjármálasvið*

**Sími:** 488 2000  
**Netfang:** [fjola@vestmannaeyjar.is](mailto:fjola@vestmannaeyjar.is)  
Ráðhús, Kirkjuvegur 50

900 Vestmannaeyjar  
<https://www.vestmannaeyjar.is/>

Þessi tölvupóstur kann að innihalda trúnaðarupplýsingar. Sjá nánar í [fyrirvara Vestmannaeyjabæjar](#).